



Er skráning á First North næsta skref?

Áskoranir fyrirtækja geta verið af ýmsum toga, svo sem:

- breytingar í viðskiptaumhverfi
- að fjármagna vöxt
- að efla innviði, upplýsingagjöf og áreiðanleika
- að byggja upp ímynd og orðstír innanlands og erlendis
- að skapa vettvang fyrir skilvirka verðmyndun og seljanleika hlutabréfa

Ávinningur af skráningu á First North er fjölbættur, hvort sem litið er til fyrirtækisins sjálfs eða hluthafa. Á sama tíma felst í því ákveðin skuldbinding. Skráningarferlið er einfaldara en margir halda, en skilvirkt ferli við skráningu skilar öflugra fyrirtæki. Ákvörðun um skráningu þarf að byggjast á yfirveguðu mati á kostum og göllum og gagnast slíkt mat öllum fyrirtækjum, sama hver niðurstaðan verður.

Vinnustofa KPMG

Undirbúningur vegna skráningar á First North

Nokkurra klukkustunda vinnustofa með stjórnendum þíns fyrirtækis og reyndum ráðgjöfum KPMG á ólíkum sviðum fyrirtækjarekstrar þar sem ítarlegt mat er lagt á kosti og galla skráningar með hliðsjón af öðrum vænlegum kostum fyrirtækisins til vaxtar.

Vinnustofan er án skuldbindinga en nýtist við að greina stöðuna og kortleggja næstu skref, hvort sem það er skráning, annars konar fjármögnun, söluferli o.s.frv. Vinnustofan byggir á alþjóðlegri nálgun KPMG, „IPO readiness check“. Nálgunin er þrautreynd og nýtist fyrirtækjum við ákvörðun um framhaldið.

Farið er skipulega yfir helstu þætti sem skapa grunn að árangursríkri skráningu

- | | |
|-------------------|--------------------------|
| – Stefna | – Fjárstýring |
| – Upplýsingatækni | – Reikningsskil |
| – Stjórnarhættir | – Mannauður |
| – Saga | – Skatta- og lögfræðimál |
| – Áhættustýring | |

Við getum stutt þig í vegferðinni

Á vinnustofunni verður jafnframt farið yfir stóru myndina um leiðina á markað. Stjórnendum gefst í kjölfarið tækifæri til þess að vega og meta skráningu sem valkost við næsta skref.

1 Er skráning á markað næsta skref?

Stöðumat með hliðsjón af fjármagnsmörkuðum

Vinnustofa KPMG þar sem fyrirtækið er greint með tilliti til krafna sem gerðar eru til skráðra fyrirtækja. Stefnan yfirfarin og komist að kjarna þess hvers vegna aðrir ættu að vilja fjárfesta í félaginu (e. equity story). Heildarmat er lagt á stöðu fyrirtækisins og skráningarhæfi þess. Vinnustofan leggur þannig grunninn að ákvörðun um næstu skref, hvort sem það er undirbúningur skráningar á First North eða önnur leið.

3 Leiðin á markað Skráningarferlið

Sérfræðingar KPMG aðstoða stjórnendur fyrirtækisins við að taka fyrirtækið til skráningar sem viðurkenndur ráðgjafi á Nasdaq First North. Verkefnastjórn þar sem við tryggjum áreiðanleika í ferlinu.

2 Erum við tilbúin?

Aðstoð við tæknileg skilyrði

Ef ákveðið er að stefna á skráningu á First North geta sérfræðingar KPMG aðstoðað stjórnendur fyrirtækisins við undirbúning að skráningu. Þetta getur náð til upplýsingakerfa, vinnslu og framsetningu fjárhagsupplýsinga, stjórnskipulags, stjórnarháttá og fleiri atriða.

4 Á markaði

Reglufylgni og uppskera ávinnings

Í kjölfar skráningar skiptir máli að uppfylla skuldbindingar og fullnýta um leið kosti markaðarins til að hámarka verðmæti rekstrarins og fjárfesta.

Nánari upplýsingar

Svanbjörn Thoroddsen

sími 840 9132

sthoroddsen@kpmg.is



Steinþór Pálsson

sími 616 0200

steinthorpalsson@kpmg.is



kpmg.is

